

Nd.

349. Nefndarálit

um frumvarp til laga um löggilta endurskoðendur.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Nefndin hefir ekki getað orðið á eitt sátt um þetta mál. Vill meiri hlutinn (M. T., J. Bald., B. St.) ekki, að málið fái framgang, en minni hlutinn leggur áherslu á, að það nái fram að ganga.

Frumvarp þetta er háttv. þingdeild gamalkunnugt. Það var fyrst flutt á Alþingi 1914 og var þá afgreitt frá neðri deild. Öðru sinni var það flutt 1923, en var þá felt frá 2. umr. með jöfnum atkvæðum. Þá blönduðust inn í umræðurnar ýms atriði, sem ekkert koma þessu máli við. Er óhætt að segja, að því rjeð meira kapp en forsjá, hver afdrif málsins urðu þá.

Það er skiljanlegt, að eftir því sem atvinnuvegirnir eflast og verslunareveltan eykst, verður þörfin brýnni á löggjöf, sem tryggi það, að bókfærsla og rekstur allur sje í sem bestu lagi. Sjerstaklega er þörf á slíku aðhaldi á krepputímum. Hefir sú orðið raunin á sumstaðar annarsstaðar, að augu löggjafarvaldsins fyrir sjerstakri löggiltri endurskoðun hafa þá fyrst opnast, er fjárkrepputímar voru nýgengnir um garð. T. d. voru lög um löggilta endurskoðendur í Danmörku samþykkt eftir kreppuárin 1907—1908.

Hjer á landi hefir þótt mikið á það skorta, að bókhald ýmsra atvinnufyrirtækja væri í því horfi, sem vera bæri. Er þetta ekkert að undra, því að fjöldi þeirra manna, sem hjer fást við verslun og ýmsan meiri háttar atvinnurekstur, hafa ekki notið nauðsynlegrar mentunar í verslunarefnum. Hinsvegar eru sum fjárfrekustu fyrirtæki vor ærið áhættusöm. Er því nauðsynlegt, að bókfærsla þeirra sje jafnan svo glögg, að lánsstofnanirnar geti hvenær sem er fengið sem glegsta hugmynd um hag þeirra. — Hjer er því mjög mikið verkefnið fyrir löggilta endurskoðendur, og er þess að vænta, að frumvarpið nái fram að ganga á þessu þingi.

Alþingi, 16. apríl 1925.

Jón Kjartansson.

Árni Jónsson,
frsm.